

sinu, er það breyting á byggingarbréfi hans fyrir jörðinni, og er umboðsmanni því aðeins heimilt að gera slíka breytingu, að ráðuneytið samþykki.

Sé slíkt samþykki ekki fyrir hendi, er umbjóðandanum — atvinnumálaráðuneytinu — heimilt að virða að vettugi slíkan samning og getur hvenær sem er skipað fyrir um að flytja húsið af landinu.

Er það því álit réttarins, að hin fjárnumda eign sé lausafé, og ber því að taka kröfu gjörðarbeiðanda til greina.

Föstudaginn 16. apríl 1937.

Nr. 172/1936. **Guðrún Arnalds** (Lárus Jóhannesson)
gegn

Vigfúsi Þ. Jónssyni (Enginn).

Ómerking fógetaúrskurðar.

Úrskurður fógetaréttar Eyjafjarðarsýslu og Akureyrarkaupstaðar 24. okt. 1936: Fjárnámið á ekki að fara fram.

Dómur hæstaréttar.

Þegar mál þetta var þingfest þann 26. febr. þ. á., var mætt í því af hendi beggja aðilja og var því þá frestað til apríl, en þegar málið skyldi flytja þ. 14. þ. m., var ekki mætt í því af hálfu stefnda, og er það þessvegna flutt skriflega samkvæmt 1. lið 38. gr. hæstaréttarlaganna og dæmt samkvæmt framlögðum skjölum og skilríkjum.

Sá er aðdragandi málsins, að þann 10. okt. 1929 gaf Vigfús Þ. Jónsson, málari á Akureyri, stefndur hér fyrir dómi, út skuldabréf til dánarbús Jóns Laxdal, konsúls í Reykjavík, fyrir kr. 24618.00, og var skuld þessi til orðin vegna kaupa á húseigninni nr. 103 við Hafnarstræti á Akureyri. Var svo kveðið á í skuldabréfinu, að höfuðstóll skuldarinnar skyldi afborgast með kr. 2461.80 árlega næstu 10 ár, þannig

að kr. 1230.90 skyldu greiðast 1. apríl og kr. 1230.90 1. október ár hvert, þar til skuldin væri að fullu greidd. Fyrsta afborgun átti að fara fram 1. apríl 1930. Vexti af skuldinni átti stefndi að greiða með 6% á ári talið frá 1. okt. 1929. Skyldu vextirnir greiddir hálfárslega eftir á á sömu gjalddögum og afborganirnar. Til tryggingar skilvisri og skaðlausri greiðslu höfuðstóls og vaxta samkvæmt skuldabréfinu veðsetti stefndur skuldareiganda eða þeim, sem löglega kynni að eignast kröfuna, téða húseign sína nr. 103 við Hafnarstræti á Akureyri með allri tilheyrandi lóð og mannvirkjum á lóðinni, allt með 2. veðrétti. Í skuldabréfinu var það ennfremur tekið fram, að ef vanskil yrðu með greiðslu skuldarinnar eða vaxtanna, mætti skuldareigandi láta ganga að eigninni og selja hana til lúkningar skuldinni með vöxtum og kostnaði samkvæmt fyrirmælum 15. gr. laga nr. 29 frá 1885, sbr. lög nr. 19 frá 1887, 3. gr., og tilsk. 18. febr. 1847, 10. gr. Umrætt skuldabréf var þann 9. júní 1931 við skipti á dánarbúi Jóns Laxdal úthlutað Guðrúnu Arnalds, áfrýjanda máls þessa, til fullrar eignar ásamt áföllnum vöxtum.

Er fram liðu stundir, taldi áfrýjandi, að töluverð brögð yrðu að vanskilum á greiðslu afborgana og vaxta samkvæmt skuldabréfinu. Lét hún þessvegna reikna út, hverjar væru eftirstöðvar skuldarinnar miðað við þann 20. júlí 1936. Reyndust þær að vera samkvæmt þeim útreikningi kr. 9629.50. Með bréfi til bæjarfógetans á Akureyri, dags. þann 13. ágúst f. á., krafðist áfrýjandi þess, að gert yrði fjárnám samkvæmt ákvæðum skuldabréfsins í hinni veðsettu eign fyrir nefndri fjárhæð auk vaxta og innheimtulauna og alls kostnaðar við fjárnám og uppboðssölu. Með því að stefndur bjó á hinni veðsettu

eign, var honum þann 24. s. m. birt með þriggja daga fyrirvara tilkynning um fjárnámið, svo sem ákveðið er í 15. gr. laga nr. 29 frá 1885, en fyrsta þing í málinu var háð í fúgetarétti Akureyrar þann 29. s. m. Stefnur bar nú fram mótmæli gegn því, að fjárnámið yrði framkvæmt, og hófst því sókn og vörn í málinu fyrir fúgetaréttinum. Eftir að aðiljum höfðu verið veittir nokkrir frestir í málinu til að semja sóknarskjöl og varnar, skyldi þing háð þann 13. okt. f. á., en þá bar það við, að umboðsmaður áfrýjanda fyrir fúgetaréttinum gleymdi fyrirökustund málsins. Réttur var samt settur, og lét stefndur, sem síðast hafði fengið frest, bóka, að hann liti svo á, að gjörðin væri niður fallin, þar eð gjörðarbeiðandi væri ekki mættur, en ekki var bókuð nein ákvörðun af hálfu fúgetans um að fella málið niður. Þegar téður umboðsmaður áfrýjanda varð þess vís, hvernig málinu var komið, ritaði hann fúgetanum bréf, dags. 15. okt. f. á., þar sem hann beiddist þess, að fjárnámsgjörðinni yrði haldið áfram og gjörðarþolanda á ný tilkynnt með þriggja daga fyrirvara um framhald gjörðarinnar. Að undangenginni slíkri tilkynningu var síðan háð þing í málinu hinn 20. okt. Við þinghald þetta var mætt af hálfu beggja aðilja. Eftir að umboðsmenn aðilja höfðu í þessu þinghaldi og þinghaldi 22. s. m. deilt um ýmis atriði, sem engu máli skipta um úrlausn máls þessa, krafðist umboðsmaður stefnda, Jón Sveinsson lögfræðingur, þess, að kröfu um framgang fjárnámsins yrði hrundið. Máli sínu til stuðnings færði téður lögfræðingur það, að fjárnám samkvæmt fjárnámsbeiðninni frá 13. ágúst s. á. hefði fallið niður, með því að ekki hefði verið mætt af hálfu gjörðarbeiðanda þann 13. okt. Þar

sem nú fyrir fógataréttinum lægi einungis beiðni um framhald fjárnámsgjörðar, sem fallin væri niður, kæmi ekki til mála að taka beiðnina til greina. Til þess að ný fjárnámsgjörð gæti fram farið, þyrfti enn ný beiðni að koma fram. Umboðsmaður áfrýjanda mótmælti því harðlega, að áminnzt orðalag í fjárnámsbeiðninni frá 15. okt. gæti valdið því, að efnisúrskurður yrði ekki uppkveðinn um framgang gjörðarinnar. Lyktir málsins fyrir fógataréttinum urðu nú samt þær, að fógætinn féllst á skoðun umboðsmanns stefnda og neitaði með úrskurði, uppkveðnum 24. s. m., að taka fjárnámsbeiðnina til meðferðar.

Úrskurði þessum hefir áfrýjandi nú skotið til hæstaréttar með stefnu, dags. 18. nóv. f. á., og gert þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir fógætann að framkvæma hina umbeðnu fjárnámsgjörð. Svo krefst hann og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Áfrýjandi færir það til stuðnings máli sínu, að fjárnámsbeiðnin frá 15. okt. hafi verið skrifleg, svo sem mælt er fyrir í 3. gr. laga nr. 19 frá 1887, að beiðni þessi hafi verið birt stefnda með þeim fyrirvara, sem lög áskilja, að veðskuldabréfið hafi legið frammi í réttinum og að bókanir umboðsmanns síns fyrir fógataréttinum sýni það greinilega, að hann hafi talið það eitt skipta máli að fá fjárnámsgjörðina framkvæmda án tillits til þess, hvort beiðni hans væri skoðuð sem beiðni um nýja gjörð eða beiðni um framhaldsgjörð. Á þessa röksemdafærslu áfrýjanda þykir mega fallast. Að visu ber að telja, að hér hafi verið um nýja gjörð að tefla, en öll formleg skilyrði voru samt fyrir hendi til

Þess, að fógæti gæti tekið fjárnámsmálið til meðferðar, og breytir orðalag fjárnámsbeiðninnar frá 15. okt. engu í því efni. Ber af þessum sökum að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi.

Eins og ljóst er af því, sem að framan er sagt, heindist málflutningur aðiljanna upphaflega að því, hvort eftirstöðvar oftnefnds skuldabréfs væru fallnar í gjalddaga vegna vanskila af hálfu stefnda, en eftir að fjárnámsbeiðnin frá 15. okt. kom fram, var einungis deilt um formhlið málsins, og hinn áfrýjaði úrskurður varðar einungis formhliðina. Af þessari ástæðu liggur nú ekki hér fyrir að dæma um efni máls þessa, og verður þessvegna krafa áfrýjanda, að lagt verði fyrir fógætanum að framkvæma hina umbeðnu fjárnámshjörð, ekki tekin til greina, heldur ber að leggja fyrir fógætanum að taka fjárnámsmálið til meðferðar að efni til, enda má telja kröfu um þessa úrlausn málsins felast í áður-nefndri kröfu áfrýjanda sem hið minna í hinu meira.

Eftir þessum úrslitum verður að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað í hæstarétti og ákveðst hann kr. 300.00.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði fógætaréttarúrskurður er úr gildi felldur og ber fógætanum að taka framangreint fjárnámsmál til meðferðar að efni til.

Stefndur, Vigfús Þ. Jónsson, greiði áfrýjanda, Guðrúnu Arnalds, kr. 300.00 í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Rétturinn lítur svo á, að reglurnar um „reassumation“ gildi eigi um fjárnám, þar sem ekki eru bein ákvæði um þetta í lögnum, og lítur rétturinn svo á, að vegna úti-
vistar fjárnámsbeiðanda geti fjárnám ekki farið fram eftir hinni eldri fjárnámsbeiðni, en þar sem réttarskjal 1 verður eigi skilið öðru vísi en þess sé krafizt, að fjárnámið fari fram í framhaldi af hinni eldri fjárnámsbeiðni og samkvæmt skjölum þeim, er þá voru lögð fram, þá verður krafan um fjárnám eigi tekin til greina.

Mánudaginn 19. apríl 1937.

Nr. 70/1936. Réttvísín og valdstjórnin

(Sveinbjörn Jónsson)

gegn

Sigurði Hannessyni (Eggert Claessen).

Smáskammtalæknir dæmdur til refsingar fyrir tilraun til fóstureyðingar og skottulækningar, en gæzluvarðhald hans látið koma í stað refsingar. Ennfremur sviptur leyfi til að stunda smáskammtalækningar.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 27. marz 1936: Ákærði, Sigurður Hannesson, sæti betrunarhúsvinnu í 8 mánuði. Hann skal sviptur leyfi til að stunda smáskammtalækningar. Ennfremur greiði hann allan kostnað sakarinnar, þar með talinn kostnaðinn við gæzluvarðhald sitt og 75 krónur í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda sins, hrm. Péturs Magnússonar.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Með upplýsingum þeim, sem frá er greint í hinum áfrýjaða dómi, þykir mega telja það sannað